



Fundargerð/punktur starfshóps um jafnréttisstefnu – Fyrsti fundur

Mætt voru: Guðlaug Kristjánsdóttir, Valgerður Fjölisdóttir, Óskar Steinn Ómarsson, Kristinn Andersen og Berglind G. Bergþórsdóttir

- Óska eftir umsögnum frá bæjarbúum um mannréttinda/jafnréttisstefnuna. Auglýsa eftir athugasemdum á vefnum. Heyra frá Magnúsi Baldurssyni og Vigfúsi til að athuga hvernig þetta var gert gagnvart skólafundum.
- Öldunga-, ungmennaráð og ráðgjafaráð um málefni fatlaðra, sendum formlega beiðni til þeirra um að fá álit. Senda etv. á nafnalista sem tengist verðandi fjölmeningarráði.
- BGB sendir starfshópnum jafnréttisáætlanir sem eru á innri vef.
- Bæjarráð kallar eftir upplýsingum um hvernig stefnunni hefur verið fylgt eftir hingað til. Guðlaug tekur að sér að setja það á dagskrá.
- Innihald – framsetning – taka afstöðu til þess hvað á að vera inni í stefnunni, t.d. kynjuð fjárhagsáætlunargerð – þurfum að huga samþættingu við aðrar stefnur.
- Hver er munurinn á jafnréttisáætlun og jafnréttisstefnu? BGB heyrir frá Jafnréttisstofu og fær leiðbeiningar um framhaldið á vinnunni.
- Kynbundin launamunur er ákveðin stærð, en þurfum að hafa fleiri þætti inni í stefnunni sem snertir fleiri hópa.
- Fyrir næsta fund þurfum við að kynna okkur hvað hin sveitarfélögin eru að gera?
- Hvar kreppir skóinn hjá Hafnarfjarðarbæ í jafnréttismálum? Ættum að skoða í framhaldinu hvað við þurfum að leggja áherslu á.
- Gæti verið sérstaða okkar stefnumótunar að leggja áherslu á fjölbreytileikann?
- Skoða hvernig kerfið okkar virkar, hvernig eru eyðublöðin gagnvart kyni? Í skólakerfinu er gengið út frá því að allir séu hluti af kjarnafjölskyldu. Er alltaf hringt fyrst í mæðurnar ef eitthvað kemur upp hjá börnunum á leikskóla eða í grunnskólanum?
- Næsti fundur fer í að fara í gegnum aðrar stefnur og okkar eigin.
- Gerum ráð fyrir klukkutíma fundi. Hittumst næst eftir tvær vikur, 17. desember kl. 16.30. Eftir það hittumst við á tveggja vikna fresti eftir áramót.
- Eigum að skila áætlunum og stefnu 15. febrúar nk.